

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins samþykkt breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli, þann 6. mars 2000.

Breytingin varðar svæði B á flugstöðvarsvæðinu á þann veg að byggingarreitur á lóð sem ætluð er fyrir fraktmiðstöð stækkar til vesturs og suðurs. Ennfremur hækkar byggingin um tvo metra.

Skipulagsbreytingin var kynnt nágrönnum, skv. 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samþykkt með vísan til 25. gr. sömu laga.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sömu lóð frá 1. september 1997.

Utanríkisráðuneytinu, 18. maí 2000.

F. r.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Benedikt Ásgeirsson.

15. maí 2000

Nr. 363

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar er skipuð 7 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.